

J. Nikulaisson ehf. kt. 490703-2920
Vesturhópi 3, 240 Grindavík
Þingmál 1130

Félagið á tvær íbúðir sem voru í útleigu, leigusamningi var sagt upp og hefur félagið ekki fengið neina leigu vegna þessara íbúða. Félagið er með lán hjá Íslandsbanka og ekki er í boði að frysta vexti og því leggjast þeir aftan á lánið.

Félagið á einnig atvinnuhúsnæði að Víkurbraut 62 og leigði það út, óskað hefur verið eftir riftun á þeim leigusamningi.

Leigugrundvöllur á þessum eignum er farinn næstu árin, en félagið þarf að standa á skil á lánum, þrátt fyrir engar tekjur.

Félagið óskar eftir því að allar eignir félagsins verði keyptar, bæði atvinnuhúsnæðið og báðar íbúðirnar þar sem rekstrargrundvöllur félagsins er brostinn og eina sanngirnin er að fá uppkaup á þessum eignum eins og margir benda á í sínum umsögnum.

Fh. J. Nikulaissonar ehf.

Jón Nikolaisson